

Gildi menntunar í lífi fullorðins fólks

Jóhanna Rósa Arnardóttir

Hugheimum

Jón Torfi Jónasson

Háskóla Íslands

Fjallað er um gildi menntunar fyrir fullorðna í atvinnulífi og einkalífi, og hvað hvetur fullorðið fólk til náms. Notuð var eigindleg og meginleg aðferðarfræði. Tekin voru opin viðtöl við 16 einstaklinga sem höfðu starfað um skeið með grunnskólapróf en síðan farið í frekara nám og lokið námi á háskólastigi og höfðu aflað sér starfsreynslu að námi loknu. Áhrif menntunar á laun eftir atvinnugreinum voru metin á grundvelli svara 1.350 manns úr könnun á símenntun á Íslandi. Gildi menntunar fyrir fullorðna virðist fólgið í möguleikum á hærri launum, betri störfum, meira atvinnuöryggi, betri og heilsusamlegri vinnuaðstæðum, virðingu í starfi og ábyrgð. Atvinnuástand og atvinnugrein getur þó haft þar áhrif á. Sumir viðmælendur töldu að í kjölfar námsins hefðu þeir frekar hlutverki að gegna utan heimilis, þeir hefðu meiri þekkingu til að takast á við vandamál fjölskyldu og daglegs lífs, áhugamálin væru fjölbreyttari, þeir töldu sig vera víðsýnni og sjálfsöryggi meira. Helstu ástæður fyrir því að fólk lagði á sig meira nám tengdust áhuga og þörf fyrir þekkingu, vilja til að sækja fram á vinnumarkaði, ósk um að finna sér hlutverk í lífinu, ósk um að vera fjárhagslega sjálfstæð(ur) og að standa til jafns við aðra og konurnar sóttust eftir auknu sjálfsöryggi. Fjölskyldan og skólakerfið geta haft hvetjandi áhrif.

Hér verður leitast við að svara tveimur spurningum. Í fyrsta lagi hverju nám á háskólastigi skilar fólki í atvinnulífi og í einkalífi sem hefur áður reynslu af því að starfa með grunnskólapróf sem síðasta lokapróf úr skóla. Í öðru lagi hvers vegna fullorðið fólk fer í nám. Rannsókn þessi byggir á meistaraþrófsritgerð fyrri höfundar. Í rannsókninni voru könnuð viðhorf 16 einstaklinga sem höfðu unnið með grunnskólapróf sem síðasta lokapróf. Þeir höfðu síðan ákveðið að fara í nám að nýju sem þeir luku og voru farnir að vinna aftur.

Þátttakendur voru meðal annars spurðir hvort menntunin hefði bætt stöðu þeirra á vinnumarkaði, hvort hún hefði bætt einkalífið og hver hefði verið hvatinn að því að þeir fóru í nám. Þeir eru þannig bednir um að meta stöðu sína fyrir og eftir nám í framhalds- og háskóla. Ekki er gert ráð fyrir að þættir eins og meðfæddir hæfileikar og persónuleiki breytist mikið á þessu tímabili þar sem fólk er orðið fullorðið (Wlodkowski, 1999). Með

því að ræða við fólk sem hafði starfsreynslu áður en það fór í nám er gert ráð fyrir að það geti gert greinarmun á þeim ávinningi sem skrifast á reynsluna og þeim sem má rekja til menntunarinnar.

Áður hafa áhrif menntunar á afkomu og líf einstaklinga verið könnuð og bent er á að mikilvægt sé að skilja hverju menntun skilar og ekki síst hjá fólki sem hefur hætt námi og hyggst bæta lífsskilyrði sín með meiri menntun (Gerður G. Óskarsdóttir, 1993; Jón Torfi Jónasson, 1992, 1996; OECD, 1998). Hugmyndir um að menntun geti skilað bættari fjárhagslegri afkomu má rekja allt aftur til 18. aldar, meðal annars til Adams Smith en þær hafa mikið verið ræddar síðan (Cohn og Geske, 1990; Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Kiker, 1966; Tryggvi Þór Herbertsson, 1996).

Með aukinni tækni, alþjóðasamskiptum, samkeppni, ásamt fjölbreyttari störfum og auknum kröfum er talið mikilvægt að fólk afli sér menntunar til að bæta lífsskjör sín og stuðla

að framförum í þjóðfélaginu. Í krafti þessarar menntunar geti fólk tileinkað sér nýjungar, hafi þá færni sem nútíma samfélag krefst og kunni að nýta sér þá möguleika sem í boði eru. Vel menntað vinnuafli er talið geta verið grunnur að velferð í samfélaginu (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Giddings og Barr-Telford, 2000; OECD, 1998, 2001).

Til að meta gildi menntunar er hér litið til mannauðskenningarinnar, merkjakennningarinnar og hugmyndar Pallas (2000) um fjölþættan afrakstur menntunar. Mannauðskeningin (*human capital theory*) hefur verið áberandi í allri umfjöllun um fjárhagslegt gildi menntunar. Þar er því haldið fram að með aukinni menntun aukist framleiðni einstaklingsins sem bætir afkomu hans og litið svo á að fjárfesting í menntun sé sambærileg annarri fjárfestingu (Cohn og Geske, 1990; Tryggvi Þór Herbertsson, 1996, 1997). Þegar atvinnurekandi kaupir vél, þá gerir hann það í þeirri von að auka framleiðnina sem skili sér í betri afkomu. Á sama hátt fjárfestir fólk í menntun, meðal annars í þeirri von að sá tími og peningar sem það leggur til, komi til með að skila þeim auknum tekjum til lengri tíma litið. Upp úr 1960 færðu ýmsir fræðimenn rök fyrir því að eftir því sem menntunarstig þjóða hækkaði þá ykist framleiðni þjóðfélagsins. Því var talin full ástæða til þess að líta á þann auð sem býr í einstaklingum, og meta framlag fólks í þjóðfélaginu ekki síður en náttúruauðlindir, tækni og fjármagn (Gray og Herr, 1998) enda yrði lítið úr náttúruauðlindum, tækni og fjármagni án mannauðsins.

Merkjakeningin (*credential theory*) skýrir afrakstur menntunar þannig að með aukinni menntun fái einstaklingur einhvers konar gæðastimpil sem eykur tekjur hans. Þetta er vegna þess að atvinnurekendur nota menntunina eða öllu heldur prófin sem vegvísi til að finna hæft starfsfólk (Cohn og Geske, 1990; Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Tryggvi Þór Herbertsson, 1997). Fólk fær því hærri laun á grundvelli þess að vinnuveitandi treystir því að menntunin skili sér þegar til lengri tíma er litið, þótt hann sjái ekki endilega merki þess

í auknum afköstum þegar við ráðningu (Cohn og Geske, 1990).

Pallas (2000) setur fram líkan um fjölþætt áhrif skólagöngu á líf fullorðinna og setur menntun þannig í víðara samhengi en það sem aðeins vísar í fjárhagslegan ávinning. Hann telur að gildi menntunar sé háð þeirri menningu og sögulegu aðstæðum sem eru við lýði hverju sinni. Hann telur að nám í skóla hafi bein áhrif á þá þekkingu sem fólk býr yfir og síðan á fjárhagslega afkomu og vinnuadstæður. Þetta hafi svo áhrif á virkni einstaklinga í félagsskap við annað fólk þar sem þeir fá til að mynda félagslegan stuðning og menntunin bæti sálræna heilsu og líkamlegt ástand. Áhrifa gæti einnig í fjölskyldunni, meiri virkni sé í stjórnmálalífi, gildi fólks verði önnur og frítímanum sé betur varið.

Rannsóknir benda til að það sem hvetur fullorðið fólk til náms tengist fjölmörgum þáttum, þar á meðal lífsfyllingu, hvetjandi starfsumhverfi, áhuga fyrir að afla sér aukinnar þekkingar eða að bæta hæfni sína á vinnumarkaði (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001a, 2001b; Knowles, Holton og Swanson, 1998). Knowles og fleiri (1998) gera greinarmun á hvatningu sem einkennist af ósk um aukið sjálfsálit, meiri starfsánægju og aukin lífsgæði og þeirrar sem vísar til betra starfs, stöðuhækkunar og hærri launa. Í þessari rannsókn er leitast við að meta hvaða þættir komi þarna helst við sögu. Fáar rannsóknir hafa beinst að því að skoða hvað hvetji fullorðið fólk að fara í nám og mikilvægt er að skoða þetta frekar (Brookfield, 1988; Wladkowski, Mauldin og Gahn, 2001). Hér eru að vísu tekin viðtöl við valinn hóp, það er að segja þann hóp fólks sem tekst á við námið og lýkur því. Þessari rannsókn svipar því um sumt til rannsókna á þrautseigju (*resilience*) þar sem áherslan er á að skoða þann hóp sem tekst á við lífið þrátt fyrir erfið skilyrði, og reynt að læra af þeirra reynslu (Werner og Smith, 2001).

Aðferðafræði

Opin viðtöl

Notuð er rannsóknaraðferð sem lýtur hugmyndinni um grundaða kenningu (grounded theory) og styðst við opin viðtöl. Aðferðin gerir ráð fyrir að gögnum sé safnað og á grundvelli þeirra séu þróaðar tilgátur og síðan mótuð kenning. Leitað er eftir vísbendingum í gögnum sem geta aukið skilning rannsakanda á rannsóknarefninu og reynt er að finna hvaða spurninga er mikilvægt að spyrja. Þetta gefur möguleika á því að rannsaka viðfangsefni eins og gildi menntun fyrir einstaklinga og leyfir ýmsar leiðir til þess að túlka það og bæta nýjum hugmyndum við (Bogdan og Biklen, 1998; Strauss, 1999).

Þátttakendur: Viðtöl voru tekin við 16 manns, 11 konur og 5 karla á aldrinum 32-68 ára. Þátttakendur eiga það sameiginlegt að hafa verið á vinnumarkaði með grunnskólapróf farið síðan í nám að nýju, lokið námi á háskólastigi og farnar að vinna aftur. Tvær konur höfðu þó snemma lokið framhaldsskólaprófi, önnur Verslunarskólanum 17 ára gömul, en hin húsmæðraskólaprófi. Tveir viðmælendur luku ekki grunnskóla eða gagnfræðaprófi en fóru í nám að nýju og luku því.

Það nám sem þátttakendur luku var þroskaþjálfun (2), viðskiptafræði (1), félagsráðgjöf (1), námsráðgjöf (1), lögfræði (3), náttúruvísindi (2), heimspeki (1), tækni-fræði (1), sálarfræði (1), kennarapróf (1), iðnmeistarapróf (1) og sagnfræði (1). Störf þátttakenda fyrir námið voru margbreytileg en sumir höfðu unnið fleiri en eitt starf áður en þeir hófu nám að nýju. Þetta voru skrifstofustörf, aðstoð við umönnun fatlaðra eða þroskaheftra, sjómennska bæði sem undir- og yfirmenn, sölustörf, störf í iðnaði við pípulagnir og húsasmíði, sendlastörf og verslunarstörf.

Gagnaöflun og framkvæmd: Þátttakendur voru fengnir með því að spyrjast fyrir meðal kunningja, skólafélaga, kennara og viðmælenda í rannsókninni sem bentu á fólk með fyrrgreinda lífsreynslu.

Hvert viðtal tók eina til þrjár klukkustundir.

Þau fóru fram á heimili eða vinnustað viðmælenda. Níu viðtöl voru tekin á tímabilinu 1999-2000 og sjö viðtöl í lok árs 2001 og byrjun árs 2002. Viðmælendur voru spurðir um gildi menntunar almennt, hvort aukin menntun hefði skilað þeim bættri stöðu á vinnumarkaði, betra einkalífi, hver hefði verið hvatinn að náminu, hvað þeir störfuðu við áður en þeir fóru í nám, um núverandi starf, og hvort þeir væru sáttir við stöðu sína á vinnumarkaði og í einkalífi. Í lok hvers viðtals voru viðmælendur spurðir hvort þeir vildu bæta einhverju við sem ekki hefði komið fram en sem þeir teldu mikilvægt varðandi gildi menntunar. Viðmælendur sögðu jafnframt sögu sína í ljósi námsferilsins. Í viðtalinu sjálfu var sömu spurningarinnar spurt oftár en einu sinni og fylgst var með hvort sögunni sem viðmælendur sögðu um sjálfa sig bæri saman við önnur svör. Einnig voru svörin endurtekin þannig að viðmælandi gæti svarað til um hvort spyrjandi hefði skilið hann rétt, þegar vafi lék á hvað viðmælandi átti við. Eftir hvert viðtal voru gögn borin saman við fyrri viðtöl og rannsóknaraðferðin endurskoðuð. Fjórar spurningar bættust við eða um sjálfsöryggi, víðsýni, þátttöku í félagasamtökum og í stjórnmálum. Einn af kostum þessarar aðferðar er að samskiptin gefa möguleika á því að skýra hugtök auk þess viðmælendur eru í raun að móta þau hugtök sem notuð eru í rannsókninni. Nöfnum viðmælenda hefur verið breytt og einstaka staðreyndum um þá ef talin var hætta á að þeir þekktust.

Gagnagreining: Gagnagreining byggir á aðferð grundaðrar kenningar. Notaður var sífellur samanburður, fyrst opin kóðun, síðan öxul kóðun og afmörkuð kóðun (Strauss, 1999). Samtals liggja fyrir gögn upp á 546 blaðsíður. Þetta eru vettvangsnótur sem skrifaðar voru eftir hvert viðtal. Viðtalið var skráð orðrétt. Einnig voru minnisblöð skrifuð og gögn greind eftir kóðunarflokkum. Gögnin voru síðan færð inn í textavinnsluforritið winMax, lesin þar yfir á ný með tilliti til fyrri umferðar og einnig var kóðun endurskoðað ef við átti.

Úrtakskönnun

Í þessum hluta rannsóknarinnar er byggt á könnun á símenntun á Íslandi (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999). Á grundvelli viðtalanna voru settar fram tvær tilgátur. Önnur var að laun geti verið mismunandi eftir atvinnugreinum og hin var um að fólk gæti bæði hækkað og lækkað í launum með meiri menntun. Þessar tilgátur voru prófaðar með gögnum úr ofangreindri könnun til þess að athuga hvort niðurstöður viðtalanna í þessu efni gildi almennt hér á landi. Gögnin studdu þessar tilgátur. Símenntunarkönnunin gefur ágætar vísbendingar um hvernig þessu var háttað á þeim tíma sem fyrri viðtölin voru tekin. Meðallaun breytast sífellt og eru hér notuð til að sýna muninn milli atvinnugreina þegar könnunin var gerð.

Þátttakendur: Svarendur í könnuninni voru 1.350. Tekið var 1.800 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá meðal fólks á aldrinum 18–75 ára. Svarhlutfall var 75%. 210 manns (11,7%) neituðu að svara, 29 (1,6%) voru búsettir erlendis eða látnir, 17 (0,9%) voru veikir eða gátu ekki svarað og 195 (10,8%) náðist ekki í, voru fluttir eða fundust ekki. Konur voru 676 og karlar 672, ekki var vitað um kyn tveggja svarenda. Meðalaldur var 41 ár. Í úrvinnslu er ekki gerður munur á svarendum sem höfðu lokið námi á háskólastigi (2 ára nám í háskóla) og háskólaprófi (3 eða fleiri ára nám í háskóla).

Mælitæki: Spurningalisti var lagður fyrir. Þær spurningar sem voru notaðar í þessari rannsókn eru eftirfarandi: 1) Hefur þú lokið einhverju námi eftir 12 ára aldur?; 2) Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið sem þú starfar/starfaðir hjá?; 3) Hversu mikið hafðir þú (sjálfur) í heildarlaun í síðasta mánuði fyrir skatt, svona um það bil?; 4) Hversu langa vinnuviku vannst þú að jafnaði í aðalstarfi þínu í síðasta mánuði?


Nám er flokkað í grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastig í samræmi við flokkun Hagstofu Íslands og Félagsvísindastofnunar. Atvinnugreinaflokkun miðar við hvar svarendur flokkuðu sig sjálfir á lista sem lesinn

var upp fyrir þá sem er eftirfarandi: Við hvaða atvinnugrein er fyrirtækið sem þú starfar/starfaðir hjá? (miða átti við aðalstarf eða síðasta starf ef svarandi var ekki í vinnu): Landbúnaði; Fiskveiðum; Fiskvinnslu; Byggingariðnaði; Hátækniíðnaði og hugbúnaðariðnaði; Öðrum iðnaði; Opinber þjónusta í menntageiranum; Opinber þjónusta í heilbrigðisgeiranum; Opinber þjónusta í ráðuneytum og sveitarstjórnunum; Önnur opinber þjónusta; Veitur; Samgöngur; Bankar, tryggingafyrirtæki og aðrar fjármála-stofnanir; Verslun/ Þjónusta; Annað, hvað?; Neitar/veit ekki.

Framkvæmd: Spurningalisti var lagður fyrir í símakönnun dagana 16. apríl til 18. maí 1998. Til að meta alhæfingargildi var reiknað kí-kvaðrat til að bera saman þýði, úrtak og svörum eftir kyni og aldri. Þetta reyndist í lagi (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999). Atvinnugreinar voru flokkaðar í sex meginflokka: Fiskveiðar/fiskvinnsla; Iðnaður; Menntageiri (opinberi); Heilbrigðisgeiri (opinberi); Önnur opinber þjónusta; Þjónusta og verslun (hér eru settir saman flokkarnir verslun/þjónusta, bankar, tryggingafélög, fjármálafyrirtæki og samgöngur). Þeim atvinnugreinum sem ekki féllu að þessari flokkun var sleppt, það er að segja, landbúnaði, veitum og öðrum greinum.

Úrvinnsla: Notuð er fjölbreytudreifigreining (FANOVA) og fjölbreytuaðhvarfsgreining (MRA). Skoðað var hvort laun normaldreifðust og reyndust þau ekki gera það. Því var tekinn lógariþmi af launum í fjölbreytuaðhvarfsgreiningu. Sex svarendum var sleppt í úrvinnslu, fjórum útlögum og tveimur sem störfuðu við fiskveiðar/fiskvinnslu og voru með háskólapróf þar sem þetta var svo fámennur hópur.

Reiknuð var 3x6 ANOVA þegar laun voru skoðuð í ljósi menntunar og atvinnugreinar. Ójöfn skipting er í hópum þannig að notuð er stöðluð leiðrétting (Type III) til að leiðrétta fyrir því. Þegar breyta er flokkuð í þrjá hópa eða fleiri er metið milli hvaða meðaltala marktækur munur er með Tukey prófi en með F prófi þegar um tvíflokk breytu er að ræða. Fáir svarendur eru í einstaka hópum þegar



1. mynd. Líkan sem sýnir hverju menntun á háskólastigi skilar fullorðnu fólki sem fyrir þetta nám hefur reynslu af að starfa á vinnumarkaði með grunnskólapróf

greint er eftir atvinnugrein og menntun þannig að ekki var unnt að taka inn áhrif fleiri breyta í útreikningum í fjölbreytudreifingreiningu. Til að meta nánar áhrif menntunar á laun var notuð fjölbreytuaðhvarfsgreining þar sem mögulegt er að taka inn áhrif fleiri frumbreyta. Fyrir fjölbreytuaðhvarfsgreiningu voru búnar til vísibreytur fyrir menntun (0=grunnskólapróf; 1=háskólapróf), fyrir hverja atvinnugrein og kyn (0=karlar; 1=konur) en aðrar breytur voru á jafnbilakvarða.

Niðurstöður

Gildi menntunar

Hér eru lögð fram drög að líkani um gildi menntunar fyrir fullorðið fólk (sjá 1. mynd) eins og það birtist í þessari rannsókn (sjá nánar Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2003). Líkaninu er lýst með tilvísun í gögn úr viðtölunum annars vegar og könnun á símenntun hins vegar. Þar sem tölur eru innan sviga sést fjöldi viðmælanda sem nefndi viðkomandi þátt. Aðeins sá hluti rannsóknarinnar sem lýtur að því að skoða áhrif menntunar á laun eftir atvinnugreinum byggir á tölfræðilegri

úrvinnslu. Líkaninu er lýst frá vinstri til hægri og vitnað í niðurstöður sem styðja þann þátt sem fjallað er um hverju sinni.

Á 1. mynd sést að um er að ræða nám fullorðinna á háskólastigi. Gögnin benda til þess að námið leiði til fjögurra meginþátta. Það er til þekkingar á ákveðnu sérsviði sem vísar þá til þess að fólk hefur lagt stund á eitthvert tiltekið sérsvið (12 viðmælendur¹), eins og lögfræði og hefur því þekkingu sem tengist beint því sviði. Einnig er talið að menntunin leiði til almennrar færni (3), sem meðal annars er fólgin í því að kunna að veга og meta álitamál út frá ólíkum sjónarhornum og leiða sig þannig að ákveðinni niðurstöðu. Í þriðja lagi sýna gögnin að viðmælendum finnst það skipta máli að háskólamenntunin gefi starfsheiti (10), eins og lögfræðingur. Í fjórða lagi benda gögnin til þess að þegar námi lýkur gefi prófgráðan merki um að viðkomandi einstaklingur hafi náð hæfni á ákveðnu sviði (9). Þannig má sjá að hugmynd mannaútskennningarinnar með tilvísun í þekkingu og hugmynd merkjakennningarinnar með tilvísun í starfsheiti og merki um hæfni sem afrakstur menntunarinnar.

Atvinnugreinin eða atvinnuástandið (9) er

¹ Innan sviga er að sjá fjölda þeirra 16 viðmælanda sem nefndu þennan þátt.

talið hafa áhrif á hvort þessir fjórir þættir sem einstaklingur hefur fengið út úr náminu nýtist á starfsvettvangi. Sérhæfð þekking úr læknisfræði skilar sér til að mynda með öðrum hætti inn í sjávarútveg en í heilbrigðisgeira. Atvinnuástand skiptir jafnframt máli því þegar niðursveifla er í atvinnulífi eru meiri líkur á því að fólk fái ekki vinnu.

Flestir viðmælendur (14) töldu að menntunin hefði bætt stöðu þeirra á vinnumarkaði og um helmingur þeirra sagðist vera sáttur við stöðu sína. Um helmingur kvennanna (6) sagðist hafa lækkað í launum við það að ljúka námi. Flestir karlarnir (4) töldu að líklega hefðu þeir getað haft jafnhá ef ekki hæri laun í fyrra starfi.

Í viðtölunum kom fram að konur sem höfðu starfað við skrifstofustörf og fóru að starfa við umönnun lækkuðu í launum eftir námið. Það gaf tilefni til að athuga nánar hvort launabreyting í kjölfar menntunar gæti verið önnur ef fólk skipti um atvinnugrein. Til að skoða það voru meðalheildarlaun svarenda úr könnun á símenntun greind eftir menntun og atvinnugrein (sjá 1. töflu).

Í fjölbreytudreifingreiningu kom fram að svarendur sem störfuðu við fiskveiðar eða fiskvinnslu voru með hærri heildarlaun að meðaltali en svarendur í öðrum atvinnugreinum. Svarendur sem störfuðu í iðnaði voru með lægri heildarlaun að meðaltali en svarendur í fiskveiðum eða fiskvinnslu, en með hærri laun en svarendur í öðrum atvinnugreinum. Ekki var munur á meðalheildarlaunum milli heilbrigðisgeirans, menntageirans, þjónustu og verslun eða annarri opinberri þjónustu.

Fram komu samvirkniáhrif menntunar og launa þar sem laun hafa mismunandi áhrif eftir því hver atvinnugreinin er. Til að meta áhrifin var reiknuð dreifingreining innan hvers atvinnugreinar og Tukey-próf til að meta hvort munur á meðalheildarlaunum væri marktækur eftir menntun svarenda. Þegar meðalheildarlaun eru skoðuð innan sömu atvinnugreina eru launin hærri meðal svarenda sem höfðu lokið háskólaprófi í samanburði við þá sem höfðu aðeins lokið grunnskólaprófi. Þó er opinber menntageirinn undantekning þar á, þar sem

laun eru ekki marktækt hærri eftir menntun. Þegar eingöngu voru skoðaðir svarendur í menntageiranum sem störfuðu 30-70 klst. að meðaltali á viku, var niðurstaðan sú sama.

Meðalheildarlaun svarenda í fiskveiðum eða fiskvinnslu með grunnskólapróf eru marktækt hærri en svarenda með háskólapróf innan menntageirans. Ekki er munur á meðalheildarlaunum svarenda með grunnskólapróf í fiskveiðum eða fiskvinnslu og svarenda með háskólapróf innan heilbrigðisgeirans, annarri opinberri þjónustu og sem störfuðu við þjónustu og verslun. Niðurstaðan bendir því til að fólk sem starfar við fiskveiðar eða fiskvinnslu með grunnskólapróf hækkar ekki endilega í launum ljúki það háskólaprófi sé miðað við svarendur sem starfa í menntageira, heilbrigðisgeira, opinberri þjónustu eða við þjónustu og verslun. Svarendur sem aðeins eru með grunnskólapróf og störfuðu í iðnaði voru með lægri laun en háskólaþólk í iðnaði, í annarri opinberri þjónustu eða við þjónustu og verslun. Hins vegar er ekki munur á laununum sé miðað við menntageirann og heilbrigðisgeirann. Niðurstaðan bendir því til að fólk sem starfar í iðnaði með grunnskólapróf hækkar ekki alltaf í launum ljúki það háskólaprófi sé miðað við svarendur sem starfa í menntageira eða heilbrigðisgeira.

Til að skoða nánar tengslin milli menntunar og launa var tekinn lógaríþmi af laununum til að fá normaldreifingu. Í dæmunum hér að framan var það ekki gert til að niðurstöður væru auðtúlkalegri. Hér eru hins vegar skoðaðir fleiri þættir sem geta haft áhrif á laun. Til að meta það er reiknuð fjölbreytuaðhvarfsreining þar sem frumbreytur eru: menntun, atvinnugrein, kyn, aldur og vinnutími. Hér er eingöngu verið að bera saman svarendur sem höfðu aðeins lokið grunnskólaprófi við svarendur sem höfðu lokið háskólaprófi.

Í 2. töflu er að sjá hallatölurnar (b), staðlaða hallatölu (β) og hvað hver þessara breyta skýrir án leiðréttingar fyrir hverja breytnu. Einnig er að sjá heildarfjölda svarenda og hvað breyturnar skýra samanlagt í launadreifingunni. Menntun hefur áhrif á laun þegar búið er að taka tillit

1. tafla. Samanburður á meðalheildarlaunum eftir menntun og atvinnugrein

	Meðal- tal	Staðal- frávik	Neðri mörk	Efri mörk	Fjöldi
Grunnskólapróf	114.950	82.763			261
Fiskveiðar/vinnsla	161.966	135.289	128.753	195.178	29
Iðnaður	141.925	73.817	113.646	170.204	40
Menntageiri	91.882	64.858	48.504	135.260	17
Heilbrigðisgeiri	93.917	47.374	57.408	130.425	24
Önnur opinber þjónusta	100.670	57.127	68.016	133.324	30
Þjónusta og verslun	105.717	77.086	89.457	121.976	121
Framhaldsskólapróf	169.174	108.448			368
Fiskveiðar/vinnsla	288.335	174.401	261.060	315.609	43
Iðnaður	200.298	78.259	180.783	219.812	84
Menntageiri	113.867	65.734	67.687	160.047	15
Heilbrigðisgeiri	101.235	45.118	73.960	128.509	43
Önnur opinber þjónusta	165.200	73.633	138.538	191.862	45
Þjónusta og verslun	141.575	89.762	126.350	156.800	138
Háskólapróf	204.120	107.158			133
Fiskveiðar/vinnsla	---	---	---	---	---
Iðnaður	299.250	115.046	254.536	343.964	16
Menntageiri	152.081	84.521	122.678	181.485	37
Heilbrigðisgeiri	193.846	96.747	158.770	228.922	26
Önnur opinber þjónusta	210.500	93.310	175.424	245.576	26
Þjónusta og verslun	222.143	113.932	188.342	255.943	28

Neðri og efri mörk miðast við 95% öryggismörk

til atvinnugreinar, kyns, aldurs og vinnutíma. Líkanið skýrir um 57% í launadreifingunni, $F(5,403)=107,9$, $p<0,001$.

Niðurstaðan bendir til að laun svarenda sem lokið höfðu háskólaprófi séu hærri en laun svarenda sem aðeins höfðu grunnskólapróf eða minna þegar búið er að taka tillit til atvinnugreina, aldurs, vinnutíma og kyns. Laun svarenda í menntageiranum eru lægri en laun svarenda í öðrum atvinnugreinum. Laun

hækka að jafnaði með meiri aldri, eftir því sem vinnutíminn er lengri og karlar eru með hærri laun en konur þegar búið er að taka tillit til fyrrgreindra breyta.

Það að launin hækka að jafnaði með meiri menntun er í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna (sjá meðal annars Cohn og Geske, 1990; Gray og Herr, 1998; Jón Torfi Jónasson, 1992; OECD, 1998; Pallas, 2000; Reid, 1986). Þegar rannsóknir á námsvali eru skoðaðar sést

2. tafla. Breytur sem hafa áhrif á laun (lógariþma af launum)

	b	β	R² án leiðr.
Fasti	4,676***		
Menntun	0,259***	0,423	20,2%
Kyn	-0,150***	-0,258	18,5%
Aldur	0,00258***	0,120	2,3%
Vinnutími	0,007412***	0,422	31,1%
Menntageiri	-0,101**	-0,113	0,01%
Fjöldi svarenda	409		
Skýrður breytileiki alls (R ²)	0,572		

R² án leiðr.=R² án leiðréttingar fyrir hverja breytu; **p<0,01; *** p<0,001.

mismunur á launum eftir því hvaða námi fólk lýkur (Cohn og Geske, 1990; Gray og Herr, 1998; Groot 1994; Psacharopoulos 1985; Tryggvi Þór Herbertsson, 1997). Sýnt hefur verið fram á að þegar fólk lýkur starfsnámi og fær vinnu í viðkomandi starfsgrein að námi loknu, hækkar fólk í launum, þannig virðist menntunin vera að skila meiru í launaumslagið ef námið og starf að loknu námi fer saman (Bishop, 1989). Að þessu leyti eru niðurstöður hér í samræmi við það sem fyrr hefur komið fram. Bent hefur verið á það að ávinningur fullorðinna af frekari skólagöngu er minni en þeirra sem eru í námi á unga aldri (Becker, 1993; Cohn og Geske, 1990; Shultz, 1961) sem kemur þá meðal annars til af því að fólk er að missa af tekjum á námstímanum en einnig samkvæmt niðurstöðum hér ef það skiptir um atvinnugrein og fer til starfa þar sem tekjurnar eru lægri.

Konur hafa að jafnaði lægri laun en karlar sem styður fyrri rannsóknir (sjá meðal annars Blau og Ferber, 1992; Eiríkur Hilmarsson, 1989; Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1995; Joshi og Paci, 1998; Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2001; Kjararannsóknarnefnd, 1999; Kristjana Stella Blöndal, 1998; Reid, 1986). Þegar tölfraðileg niðurstaða er sett í samhengi við það sem fram kom í viðtölunum sést að vonbrigði

sumra kvenna voru eðlileg. Þær sögðust sinna ábyrgðarstörfum og vinna undir miklu álagi sem skilaði þeim ekki hærri launum. Karlarnir voru almennt ánægðir með launin, þó þeir teldu að menntunin hefði ekki endilega skilað þeim hærri launum. Tölfraðileg athugun á öðrum þáttum líkansins liggur ekki fyrir og byggir því frekari umfjöllun á greiningu á viðtölunum.

Í starfstengdu þáttunum sem taldir eru til atvinnulífsins hér eru einnig betri störf, en viðmælendur (13) töldu sig vera í betra starfi nú en áður, má þar nefna dæmi um fólk sem starfaði við almenn skrifstofustörf við það að vélrita eða færa bókhald. Það fór í nám og starfar nú við kennslu, það er að leiðbeina öðrum, eða sem lögfræðingur við að flytja mál fyrir rétti. Þetta er talið til betri starfa. Gildi menntunar getur verið fólgið í meira atvinnuöryggi (13), þar sem viðmælendur telja að þeir gangi fyrir í störf ef atvinnuástandið versnar og hafi víðar starfsmöguleika, svo sem að starfa á alþjóðavettvangi. Einnig benda niðurstöður til að vinnuástandið (10) geti orðið betri þar sem minna er um líkamleg erfiðisstörf, meiri líkur eru á að fólk hafi eigin skrifstofu og viðeigandi aðbúnað. Viðmælendur upplifðu meiri virðingu í starfi (10), það felst í því að vera beðinn um álit eða veita öðrum ráðgjöf. Ábyrgðin (14) verður meiri sem kemur meðal

annars fram í því að fólk þarf að standa og falla með sínum ákvörðunum eða það sinnir starfi sem kannski fáir aðrir geta gengið inn í.

Næst verður skoðað gildi menntunar út frá persónulegum og félagslegum þáttum (sjá 1. mynd). Þessir þættir vísa til einkalífsins hér. Tæplega helmingur viðmælenda (7) töldu að menntun hefði skilað þeim bættu einkalífi. Greina mátti þætti sem vísa til einkalífsins þó viðmælendur flokkuðu þá sjálfir ekki sem slíka. Hér er sjálfsöruggi talið til einkalífsins þó margir viðmælendur tengdu það stöðu á vinnumarkaði. Í líkaninu (1. mynd) er atvinnugrein og atvinnuástand ekki talið hafa áhrif á persónulega og félagslega þætti. Þetta er vegna þess að menntunin nýtist fólki í einkalífi þó atvinnugreinin eða atvinnuástandið geri það að verkum að menntunin nýtist ekki sem skyldi í atvinnulífi.

Menntun er talin leiða til meira sjálfsöryggis (12). Alda, einn viðmælenda, lýsti hvað hún teldi að fælist í auknu sjálfsöryggi. Bæði má sjá á svári hennar að hún vitnar í hve mikilvægt er að ljúka námi, hún hafi sannað getu sína, hún talar einnig um að menntunin hafi veitt henni þessa sérþekkingu og einnig má sjá á svári hennar hvernig hún notar þá þekkingu sem veitir henni bæði ómetanlega ánægju, sigurtilfinningu sem um leið eflir sjálfsöryggið:

... ég er búin að sanna það fyrir sjálfri mér og öðrum að ég gat lært þetta ... ég náði öllum þessum prófum og náði góðum einkunnum. Og ég stóð alls ekki að baki yngri nemendum sem voru þarna ... Og sérstaklega að ég er með sérþekkingu sem að ég get alveg talað um og mér finnst fólk meta þegar ég er að segja þeim frá. Fólk er glatt þegar ég get gefið því einhverjar hugmyndir og einhver ráð og svoleiðis. Það gefur mér rosalega mikið. Bæði nemendum í skólanum sem koma og eru kannski örvæntingarfullir ... Þegar maður fer að skoða málin (hjá nemendum) ... og þau fara glöð út, þá er það alveg (stórkostleg upplifun). Það er nefnilega margra þúsundkalla virði.

Í sjálfsöryggi felst einnig að geta sagt „ég er...“ og vísa síðan í ákveðið starfsheiti. Það gerir fólk öruggara með sig og því virðist líða betur að hafa þetta ákveðna hlutverk að

vísa í. Þannig hefur aukið sjálfsöryggi einnig áhrif á einkalífið því fólk fær þessa sömu viðurkenningu fyrir að hafa lokið menntun hjá fjölskyldunni sem og á starfsvettvangi. Hins vegar virðist að aukið sjálfsöryggi hafi þýðingu á fleiri vegu hjá konum. Þær telja sig öruggari með sig á vinnumarkaði hvað starfsval snertir, þær eru öruggari í samskiptum sínum við skólana vegna uppeldis barna sinna og geta frekar staðið fyrir máli sínu. Þetta er í samræmi við niðurstöður Taylor (1994) að það getur aukið sjálfsöryggi fullorðinna að ljúka viðurkenndri prófgráðu.

Nokkrir viðmælendur töldu sig betur geta ráðlagt fjölskyldu sinni og tekið á málefnum hins daglega lífs eins og ef dauðsföll eða sjúkdómar koma upp í fjölskyldu, eða sjá um að halda húsinu sínu við (5). Merkja mátti af niðurstöðum að viðmælendur töldu áhugamálin fjölbreyttari (5), þeir höfðu kynnst hlutum sem vöktu áhuga þeirra í náminu og ef þeir höfðu meira fjármagn milli handanna gátu þeir leyft sér dýrari áhugamál. Aukin víðsýni (10) virðist fylgja menntuninni þar sem fólk taldi sig hæfara til að skoða ýmis mál út frá ólíkum sjónarhornum. Jafnframt benda niðurstöður til að með menntuninni hvetji fólk börnin sín frekar til að læra (4).

Vera má að líkanið á 1. mynd gefi vísbendingu um þann mannauð sem býr í fullorðnu fólki sem hefur lokið námi á háskólastigi. Þannig er gildi mannauðsins meira ef þekking á sérsviði fer saman við það starf sem viðkomandi gegnir að námi loknu. Hafi hann hins vegar öðlast almenna færni sem miðar að því að rækta ákvörðunartöku þá hefur það gildi á fleiri sviðum í atvinnulífi. Einnig má sjá að gert er ráð fyrir að atvinnuástand og atvinnugreinar geti haft um það að segja hver mannaúdurinn er. Þegar vel gengur er gildið meira en þegar verr gengur. Einnig er hægt að taka mið af mismunandi ástandi eftir atvinnugreinum. Þannig þarf að gera ráð fyrir að í þeim þjóðfélögum þar sem atvinnuástand er gott í öllum atvinnugreinum og menntakerfið í heild er gott skili kerfið hámarks mannauði. Einnig er gert ráð fyrir að

þættir eins og sjálfsöryggi fólks, hæfni til að taka á fjölskyldumálum, áhugamál, víðsýni og stuðningur við nám barna séu þættir sem meta má til mannauds. Hér er því gert ráð fyrir að þótt atvinnulífið væri ekki í blóma gæti menntakerfið aukið gildi mannaudsins.

Í meginatriðum hefur hér verið tekið undir með Pallas (2000) að menntun hafi víðtæk áhrif á líf einstaklinga og þau séu mun flóknari en svo að launin séu eini afrakstur menntunar eins og mannaudskenningin og merkjakeningin gera ráð fyrir. Mannauðskenningunni er ekki hafnað hér. Sýnt hefur verið fram á að menntun leiði til hærri launa, þó það sé ekki algilt enda benda niðurstöður til að fólk geti jafnvel lækkað í launum í kjölfar aukinnar menntunar. Niðurstöður eru óljósari um hvort menntun leiði til aukinnar framleiðni þar sem enginn viðmælandi nefndi það. Hins vegar töldu sumir viðmælendur að menntun leiði til aukinnar þekkingar á sérsviði eða almennrar færni. Menntun er talin gefa merki um hæfni og að því leytinu tekið undir merkjakeninguna. Hér er gert ráð fyrir að atvinnugrein og atvinnuástand geti haft áhrif á hvert gildi menntunar verður fyrir einstaklinga sem ekki er að sjá í fyrrgreindum kenningum.

Menntunin er talin hafa áhrif í einkalífi. Sé það borið saman við það sem Pallas (2000) heldur fram, þó með þeim fyrirvara að hann telur námið fyrst leiða til bættrar stöðu á vinnumarkaði, má benda á að bæði líkönin gera ráð fyrir að menntunin hafi áhrif á fjölskyldulíf. Pallas fjallar um fjölskyldumál í tengslum við hvenær fólk hugar að barneignum eða hverjum það giftist, hér er frekar litið á mál fjölskyldunnar út frá því hvernig fólk tekst á við daglegt líf og talið að námið geti leitt til þess að fólk hvetji börnin sín til að læra. Hér er einnig tekið fram að aukin menntun eykur víðsýni og fólk því tilbúnara að veða og meta viðfangsefni sín út frá mörgum sjónarhornum. Þetta svipar til hugmyndar Pallas um að menntunin geri fólk frjálsslyndara og það hugsí meira á jafnréttisgrunni og minna sé um manngreinarálit. Niðurstöður hér benda til að áhugamál fólks verð fjölbreyttari


þegar menntunin eykst. Pallas telur að með meiri menntun sæki fólk frekar ýmsa menningarviðburði. Hann telur að þátttaka í félagasamtökum og stjórnámum aukist en ekki er að sjá merki um það í þeim gögnum sem hér eru kynnt. Sálrænt og líkamlegt ástand er ekki tekið inn í líkanið hér á sama hátt og Pallas gerir.

Hvers vegna fullorðið fólk fer í nám

Á 2. mynd eru drög að líkani sem á að sýna hvers vegna fullorðið fólk með litla menntun fer í nám, samkvæmt þeim viðtölum sem tekin voru í þessari rannsókn. Niðurstöður benda til að það sé fjölmargt sem geti haft áhrif á að fólk fer í nám og eftir því sem fleiri lykilþættir eru til staðar því líklegra er að fólk taki af skarið og fari í nám. Hér eru þættir sem skipta máli flokkaðir í þrennt. Þetta eru einstaklingsbundnir þættir, þættir sem tengjast fjölskyldunni og skólakerfinu. Ákvörðun um að fara í nám byggist mikið á vilja einstaklingsins og því sem hann er tilbúinn að gefa í námið. Þó einstaklingurinn sé allur af vilja gerður geta umhverfi og aðstæður þó gert það að verkum að hann getur ekki stundað nám, til dæmis ef ekkert nám er í boði sem viðkomandi vill stunda eða námið er ekki í boði á þeim tíma sem hentar.

Einn viðmælandi er dæmi um hvernig þessir þrjú þættir þurfa að fara saman. Honum hafði verið hafnað um inngöngu í starfsmenntaskóla þegar hann var um tvítugt. Áhuginn á að stunda þetta nám var samt alltaf til staðar, þrátt fyrir að fjölskyldan gengi fyrir. Þegar hann var um fertugt sá hann annað tækifæri til að ná sér í þessa menntun og hann sagði: „Það kom bara svona punktur. Nú geri ég þetta“. Þannig varð leiðin greið þar sem hann vildi fara í námið, námið og fjölskylduábyrgðin gat farið saman og nú fékk hann inngöngu í skólann.

Ef litið er fyrst á einstaklingsbundna þætti sem koma hér fram (sjá 2. mynd) þá sögðu flestir viðmælendur að hvatinn að náminu hafi verið áhugi fyrir því að læra (14). Sumir þeirra



fundu þörf til að afla sér þekkingar (7), einn viðmælendi kallaði þetta „... þekkingarþorsti til að nærja sig innan frá“. Flestir þeirra sóttu námið með ákveðið starf í huga (12) eða til að auka möguleika sína á vinnumarkaði. Sumir voru að leita sér að hlutverki í lífinu (4) og höfðu ekki gert upp hug sinn varðandi starfsvettvang.

Fleiri þættir skipta hér máli eins og vilji til þess að standa til jafns við aðra (8). Það kemur fram í því að viðmælendur höfðu fundið sig verða undir í samskiptum við annað fólk, þeir sóttu menntunina til að hækka í álit og geta staðið jafnfætis öðrum. Nokkuð var um að viðmælendur höfðu alltaf ætlað að halda áfram námi (9) en tekið sér hlé frá námi og það dregist að halda áfram vegna vinnu eða barna. Afstaða til fyrri starfa er talin hafa hvatt marga viðmælendur til að fara í nám (13). Sumir kynntust einhverju á fyrri vinnustað sem vakti áhuga til að læra, voru hvattir af yfirmanni en aðrir voru óánægðir með stöðu sína eða vildu

skipta um starfsvettvang. Þessi þáttur skilur líklega fullorðna nemendur hvað mest frá þeim sem yngri eru.

Margir viðmælendur fóru í nám til að bæta fjárhagsstöðu (10) sína. Þeir voru að sækjast eftir launum til að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði sitt í framtíðinni. Þannig getur sá sem fer í nám valið námið með það í huga að honum sé best borgið í viðkomandi starfi, hann telur að hæfni sín nýtist þar eða vinnuáðstæðurnar séu betri. Þetta þarf þó ekki endilega að tengjast því að vilja hærri tekjur heldur allt eins tryggja afkomu. Metnaður (10) til að ná lengra á vinnumarkaði hvatti marga viðmælendur í nám, þeir vildu taka meiri ábyrgð og komast í betri stöður. Sumar konurnar sóttu í námið til að auka sjálfsöryggið (5), þær töldu mikilvægt að ljúka námi til að geta sótt um starf sem þær hafa þekkingu til að sinna .

Í líkaninu á 2. mynd er einnig fjallað um þátt fjölskyldunnar. Hún var hvati marga viðmælenda til að fara í nám (13). Það er

í samræmi við fleiri rannsóknir (Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004; Kerka, 2001; Wlodkowski o.fl., 2001). Það hvort viðmælendur höfðu jákvæða eða neikvæða sögu að segja frá æsku sinni virðist ekki hafa úrslitaáhrif, heldur það að telja sér betur borgið að ljúka náminu eins og pabbi og mamma höfðu alltaf hvatt þau til að gera eða til þess að forðast sambærilegt líf og þau höfðu upplifað í æsku. Maki (8) getur einnig haft áhrif, þannig mátti sjá að konurnar mátu mikils ef eiginmenn hvöttu þær til námsins. Margir töldu mikilvægt að standa jafnfætis maka og átti það við um flesta karlana ef konurnar höfðu meiri menntun en þeir eða ef þær voru í námi.

Skólakerfið getur með aðgengi að námi (9) og námsframboði (2) haft áhrif á hvort fólk fer í nám. Mátti sjá þetta meðal viðmælenda sem bjuggu á landsbyggðinni og einnig hvað öldungadeildin auðveldaði aðgengi að náminu. Þetta er í samræmi við niðurstöður Gerðar G. Óskarsdóttir (1993) sem benti á að framboð náms og aðgengi að því geti verið lykilatriði í því að fólk héldi áfram í framhaldsskóla að loknum grunnskóla. Viðmót innan skólakerfisins (2) hvatti einstaka viðmælendur í nám. Einn viðmælendinn hafði fengið neikvæðar móttökur og þorði ekki að sækja um innngöngu fyrr en nokkrum árum síðar. Meðan annar viðmælendi lýsti því að útskriftarræða skólástjóra hefði hvatt hann til að fara í háskólanám. Sveigjanlegt námsfyrirkomulag (2) kom fram sem mikilvægur þáttur hjá tveimur viðmælendum sem áttu fjölskyldu og voru líka útivinnandi.

Bera má þessar niðurstöður saman við það sem kemur fram hjá Knowles og fleirum (1998) þar sem hann gerir greinarmun á hvatningu sem einkennist af ósk um aukin lífsgæði og starfsánægju og þeirri sem vísar til stöðu á vinnumarkaði og hærri launa. Knowles og fleiri (1998) telja fyrrnefndu þættina skipta meira máli. Sjá má að þættir sem Knowles og fleiri nefna eins og betra starf, hærri laun og starfsánægja koma fram í viðtölunum. Starfsánægja flokkast til dæmis undir afstöðu til fyrri starfa, betra starf flokkast undir starf og

atvinnuöryggi og hærri laun undir fjárhagslegt sjálfstæði (sjá mynd 2). Í þessari rannsókn er flokkun nokkuð frábrugðin því sem áður hefur komið fram. Fjölskyldan og skólakerfið getur jafnframt haft hvetjandi áhrif á fullorðið fólk. Bætt einkalíf er yfirleitt ekki hvati til að fara í nám en segja má að það sé mikilvæg viðbót við það sem fólk fær út úr náminu.

Hér hefur verið leitast við að varpa ljósi á hvert gildi menntunar er fyrir fullorðið fólk og hvernig sé hægt að meta það. Rannsóknin sýnir að það eru margvíslegar samþættar ástæður fyrir því að fólk fer í nám og langt frá því að von um hærri laun sé þar ein á ferð þótt hún skipti oft máli. Jafnframt hefur verið sýnt að afrakstur menntunar nær til enn fleiri þátta en þeirra sem ýttu undir námið í upphafi. Þættir sem tengjast daglegu lífi fólks skipta þar ekki síður máli en þeir sem lúta að vinnunni sjálfri, þótt oft sé þetta samtengt. Jafnframt var sýnt fram á að menntun og laun eru að öðru jöfnu vel tengd, en á því eru undantekningar og ekki hægt að ganga að því sem vísu að menntun skili sér í hærri launum. Þessi rannsókn sýnir líka hve margt getur hindrað eða ýtt undir að fólk bæti við sig menntun. Hins vegar er ennþá lítið vitað um þá sem ekki hafa aflað sér meiri menntunar. Er það vegna þess að óskinn var ekki nógu sterk eða að aðstæður hafi ekki verið þeim jafn hliðhollar og viðmælendum hér? Rannsóknin undirstrikar hve margbreytilegur afrakstur menntunar getur verið, líklega oft talsvert umfram það sem fólk hafði gert sér í hugarlund, þótt hann hafi ekki alltaf komið fram í launaumslaginu. Þessi rannsókn veur margar spurningar um aðstöðu fullorðins fólks til náms; fólks sem ekki hafði aðstæður eða hvatningu til þess að stunda námið á þeim tíma sem kerfið gerði ráð fyrir því. Hún veur líka athygli á þjóðfélagslegu gildi menntunar auk fjárhagslegs gildis

Heimildir

- Becker, G.S. (1993). *Human capital. A theoretical and empirical analysis with special reference to education* (3. útgáfa). Chicago: The University of Chicago Press.
- Bishop, J. (1989). Occupational training in high school: When does it pay off? *Economics of Education Review* 8(1), 1-15.
- Blau, F.D. og Ferber, M.A. (1992). *The economics of women, men, and work* (2. útgáfa). New Jersey: Prentice-Hall.
- Bogdan, R.C. og Biklen, S.K. (1998). *Qualitative research for education. An introduction to theory and methods* (3. útgáfa). London: Allyn and Bacon.
- Brookfield, S.D. (1988). Developing critically reflective practitioners: A rationale for training educators of adults. Í S. Brookfield (Ritstj.). *Training educators of adults. The theory and practice of graduate adult education.* (bls.317-338). London: Routledge.
- Cohn, E. og Geske, T.G. (1990). *The economics of education* (3. útgáfa). New York: Pergamon Press.
- Eiríkur Hilmarsson. (1989). *The role of education in the Icelandic labor market.* Óbirt doktorsritgerð: University of Wisconsin-Madison.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1993). „Hætt í skóla“. Náms og aðstæður nemenda sem hætta í skóla eftir tvö ár í framhaldsnámi eða fyrr. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 2(1), 53-67.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífis. Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan.
- Giddings, D. og Barr-Telford, L. (2000, mars). *Adult literacy and lifeskills survey, ALL. Skill development and public policy.* Gögn lögð fram á ráðstefnu OECD, Ottawa í Kanada.
- Gray, K.C. and Herr, E.L. (1998). *Workforce education. The basics.* Boston: Allyn and Bacon.
- Groot, W. (1994). Differences in rates of return by type of education. *Education Economics*, 2(2), 209-214.
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (1995). *Launamyndun og kynbundinn launamunur. Þættir sem hafa áhrif á starfsframa.* Reykjavík: Skrifstofa Jafnréttismála.
- Joshi, H. og Paci, P. (1998). *Unequal pay for women and men. Evidence from the British birth cohort studies.* Cambridge: The MIT Press.
- Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001). *Hvað vilja konur? Athugun á símenntun og stöðu kvenna á vinnumarkaði.* Reykjavík: Hugheimar.
- Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2003). *Gildi menntunar fyrir fullorðin fólk. Athugun á hverju nám á háskólastigi skilar fólki í atvinnulífi og einkalífi og hvers vegna fullorðnir fara í nám.* Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Jóhanna Einarsdóttir og Sif Einarsdóttir (2004). „Á ég að vera með þvílíkum kerlingum í bekk?“ Reynsla eldri og yngri nemenda í leikskólakennaranámi. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*. 13(1), 45-66.
- Jón Torfi Jónasson. (1992). Vöxtur menntunar á Íslandi og tengsl hennar við atvinnulíf. Í *Menntun og atvinnulíf* (bls. 54-83). Reykjavík: Félagsvísindastofnun fyrir Sammennt.

- Jón Torfi Jónasson. (1996). Um gildi verk- og listgreina í almennri menntun. Í Daníel Ólason (Ritsj.). *Handverk* (bls. 9-15). Reykjavík: Samnorraen Handverkssýning.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (1999). *Símenntun á Íslandi. Yfirlit yfir nám fólks á aldrinum 18-75 ára og athugun byggð á námskeiðasókn vorið 1998*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001a). *Símenntun í ljósi fyrri skólagöngu. Með sérstakri athugun á þeim sem ekki sækja námskeið*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001b). *Símenntun í atvinnulífinu*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kerka, S. (2001). Career exploration by adults. *Practice Application Brief No. 14*. Sótt 25.02 2002. <http://www.eric.ed.gov/>.
- Kiker, B. F. (1966). The historical roots of the concept of human capital. *The Journal of Political Economy*, 74(5), 481-499.
- Kjararannsóknarnefnd. (1999). *Niðurstöður launakönnunar 1. ársfjórðungur*. Reykjavík: Kjararannsóknarnefnd.
- Knowles, M.S., Holton, E.F. og Swanson, R.A. (1998). *The adult learner. The definitive classic in adult education and human resource development* (5. útgáfa). Houston: Gulf Publishing Company.
- Kristjana Stella Blöndal (1998). *Samanburður á launum karla og kvenna sem starfa hjá Akureyrarbæ*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- OECD. (1998). *Human capital investment. An international comparison*. Paris: OECD.
- OECD. (2001). *The well-being of nations. The role of human and social capital*. París: OECD.
- Pallas, A.M. (2000). The effects of schooling on individual lives. Í Maureen T. Hallinan (Ritstj.). *Handbook of sociology and social research. Handbook of the sociology of education* (bls. 499-525). New York: Plenum Publishers.
- Psacharopoulos, G. (1985). Returns to education: A further international update and implications. *The Journal of Human Resources*. 20(4), 583-604.
- Reid, I. (1986). *The sociology of school and education*. London: Paul Chapman Publishing.
- Schultz, T.W. (1961). Investment in human capital. *The American Economic Review*. 51, 1-17.
- Strauss, A.L. (1999). *Qualitative analyses for social scientists*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Taylor, C.H. (1994, maí). *Achieving self-esteem and the GED (General educational development) – A progressive outcome in a functionalist world: A case study of the role of adult basic education in welfare reform*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Association of Institutional Research, New Orleans.
- Tryggvi Þór Herbertsson. (1996). Innri og ytri hagvöxtur. Yfirlit yfir gamlar kenningar og nýjar. *Fjármálatíðindi*, 43(1), 90-108.
- Tryggvi Þór Herbertsson. (1997). *Menntun, mannauður og framleiðni*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Werner, E.E. og Smith, R.S. (2001). *Journeys from childhood to midlife. Risk, resilience, and recovery*. London: Cornell University Press.

Wlodkowski, R.J. (1999). *Enhancing adult motivation to learn. Comprehensive guide for teaching all adults*. San Francisco: Jossey-Bass.

Wlodkowski, R.J., Mauldin, J.E og Gahn, S.W. (2001). "Learning in the Fast Lane: Adult Learners' Persistence and success in accelerated college programs". *Lumina New Agenda Series*, 4(1). Sótt 25.02 2002 af <http://www.luminafoundation.org/publications/fastlane.pdf>.